

Sb. 86. Tillaga til þingsályktunar [74. mál]

um aðgerðir til varnar gegn ágangi sjávar við sunnanverðan Faxaflóa.

Flm.: Geir Gunnarsson, Jón Skaftason, Jón Árm. Héðinsson,
Axel Jónsson, Gils Guðmundsson, Oddur Ólafsson,
Ólafur G. Einarsson.

Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni að láta fara fram úttekt á ágangi sjávar á land á Suðurnesjum, Vatnsleysuströnd, Hvaleyri við Hafnarfjörð, Álftanesi og Seltjarnarnesi og gera áætlun um varnarráðstafanir.

Greinargerð.

Um langt skeið hefur ágangur sjávar valdið verulegum spjöllum á Suðurnesjum, Vatnsleysuströnd, Hvaleyri, Álftanesi og Seltjarnarnesi. Vegna kostnaðar hefur sveitarfélögum og öðrum landeigendum ekki verið unnt að verjast spjöllum af landbroti. Fjárframlög ríkisins hafa verið svo naum, að víðast hafa þau vart dugað til annars en koma vinnuvélum á vettvang.

Gert er ráð fyrir, að á næsta ári verði nær 2000 millj. kr. varið úr ríkissjóði til ræktunar og landgræðslu, en samtímis brotnar niður og glatast dýrmætt land, vegna þess að einungis 35 millj. kr. er varið í heild úr ríkissjóði til sjóvarnargarða.

Verði ekki gripið til miklu öflugri varnaraðgerða en fjárveitingar úr ríkissjóði hafa gert kleift að vinna undanfarin ár, mun sjórinn brjóta mikið land á þeim slóðum, sem hér er um að ræða, og óbætanlegt tjón hljótast af.

Því er með þáttill. þessari lagt til að snúist verði til varnar með raunhæfum aðgerðum og að framkvæmdum unnið samkvæmt sérstakri áætlun, sem byggji á auknum stuðningi ríkissjóðs, eftir að úttekt hefur farið fram á því landbroti, sem þarna á sér stað.